

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 199/2006 með síðari breytingum.

1. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Oddvitakjör*. Oddviti og varaoddviti skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga*. Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum samtakanna.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta og/eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða*. Tveir fulltrúar og tveir til vara, sbr. ákvæði í fjallskilasamþykkt og lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
2. *Almannavarnanefnd Árnesinga*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi samningi um nefndina.
3. *Atvinnu-, fjarskipta- og samgöngunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í þessum málaflokkum, hafa frumkvæði að tillögugerð á þessum sviðum til hreppsnefndar og vera umsagnaraðili í þessum málaflokkum til dæmis varðandi úthlutanir úr atvinnuefningarsjóði.
4. *Menningar-, æskulýðs-, velferðar- og jafnréttisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í þessum málaflokkum, hafa frumkvæði að tillögugerð á þessum sviðum til hreppsnefndar og vera umsagnaraðili í þessum málaflokkum. Nefndin fer einnig með málefni bókasafnsins skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og jafnréttismál samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
5. *Skipulagsnefnd uppsveita Árnessýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega skipulags- og byggingarnefnd.
6. *Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega félagsþjónustu.
7. *Afréttarnefnd Gnúpverjaafréttar*. Nefndin sér um niðurröðun fjallskila og er sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi málefni Gnúpverjaafréttar. Nefndin verði skipuð fjallkóngi og tveimur öðrum af hreppsnefnd.
8. *Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum Brunavarna Árnessýslu.
9. *Héraðsnefnd Árnesinga*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samningi um héraðsnefnd.
10. *Húsnæðisnefnd*. Hreppsnefnd fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. *Hússtjórn Þjóðveldisbæjar í Þjórsárdal*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt máldaga um Þjóðveldisbæinn, dags. 19. júlí 2002.
12. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. lög sambandsins.
13. *Ráðgjafarnefnd um friðun Þjórsárvera*. Einn fulltrúi og einn til vara.
14. *Skipulagsnefnd*. Hreppsnefnd fer með verkefni skipulagsnefndar samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
15. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
16. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvæðum grunnskólalaga nr. 91/2008 og leikskólalaga nr. 90/2008.

17. *Fræðslunefnd Flúðaskóla*. Tveir fulltrúar og tveir til vara samkvæmt samkomulagi við Hrunamannahrepp.
18. *Stjórn hitaveitu í Brautarholti, kaldvatnsveitu í Árnesi og annarra veitumannvirkja sem sveitarfélagið hefur aðkomu að og heyra undir hreppsnefnd*.
19. *Þjónustuhópur aldraðra*. Starfar skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og í honum skal vera einn sameiginlegur fulltrúi fyrir sveitarfélög sem aðild eiga að Laugarásslæknishéraði. Samkvæmt erindisbréfi sameiginlegrar félagsmálanefndar uppsveita Árnes-sýslu skal formaður hennar vera fulltrúi sveitarfélaganna sem að henni standa í umboði sveitarstjórna á heilsugæslusvæðinu.
20. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.
21. *Yfirkjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 6. október 2010.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.